

Umhverfisnefndarfundur

29. nóvember 2019 kl: 13:00

Mættir: Bjarndís, Guðrún Birna, Brynja, Margrét Lára, Tinna, Mattías, Viktoría, Rakel Sunna, Ísabella Sól, Ronja, Sigríður Kristjáns, Sigríður Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Jól í skókassa – 13 skókassar voru sendir frá okkur í Heiðarskóla. Umræða um að reyna að fá unglíngastigið með á næsta ári. Kassarnir fara til Úkraínu.
- Umræða um hvort skólinn ætti að útvíkka hjálparstarf skólans þannig að það er hugað að þessu allt árið um kring. Helena segir frá hjálparstarfi í öðrum skólum.
- Eftir rúma viku verður matarviktunarvika 9.-13. desember. Bekkirnir verða að sitja saman á sínu borði þessa viku og svo er viktað hversu miklu hver bekkur leyfir og skráð. Umræða um tilgang verkefnisins og matarsóun.
- Rætt um gjafir sem við gáfum gestum frá Kanada sem komu um daginn í heimsókn. Starfsfólk skólans sá um að þrjúna vettlinga og sauma í handklæði. Gjafir sem hafa lítið vistspor. Umræða um jólagjafir ársins og hvernig er hægt að huga að vistspori við gjafainnkaup s.s. að kaupa upplifun, versla innlent, búa til og svo er hægt að hugsa um pappírinn og skrautið sem fer í pakkana.
- Myndataka af umhverfisnefndinni.

Fundi slitið 13:30

Þórdís Þórisdóttir